

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012,
Kjóastaðir 1, Bláskógabyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 15. maí 2014 breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 8. maí 2014.

Í breytingunni felst að 12 ha landbúnaðarsvæði (spilda 220934) í landi Kjóastaða 1 breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir ferðaþjónustu, þ.e. tjaldsvæði og 2 húsum, öðru fyrir gistingu og hinu fyrir veitingarekstur og þjónustu við tjaldsvæðið. Aðkoma að svæðinu er um Kjóastaðaveg nr. 367.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 15. maí 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. júní 2014